

# Frumvarp til laga

## um starfstengda eftirlaunasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

### 1. gr.

#### *Gildissvið laganna.*

Lög þessi gilda um starfstengda eftirlaunasjóði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun.

Lög þessi taka ekki til:

- Lífeyrissjóða sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, og reglugerð (EBE) nr. 574/72, um breytingu á málsmeðferð við innleiðingu reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.
- Sjóða sem falla undir tilskipun 73/239/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga, tilskipun 85/611/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), tilskipun 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, tilskipun 2000/12/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, og tilskipun 2002/83/EB, um líftryggingar.
- Sjóða sem reknir eru með gegnumstremiskerfi.
- Sjóða þar sem sjóðfélagar hafa ekki lögvarinn rétt til lífeyris og iðgjaldagreiðendur geta krafist greiðslna sinna aftur án þess að skyldum til greiðslu lífeyris sé fullnægt.

### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í lögum þessum merkir:

*Aðildarfyrirtæki:* Fyrirtæki eða annar aðili sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi og greiðir framlög til starfstengds eftirlaunasjóðs.

*Eftirlaunaréttindi:* Réttindi sem eru greidd þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, ororku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts.

*Samningur um eftirlaunaréttindi:* Samningur, samkomulag eða reglur sem fela í sér hvaða eftirlaunaréttindi eru tryggð og hvaða skilyrði þarf að uppfylla.

*Sjóðsfélagi:* Einstaklingur sem á rétt á eða mun eiga rétt á starfstengdum eftirlaunagreiðslum á grundvelli iðgjaldagreiðslna í samræmi við ákvæði samnings um eftirlaunaréttindi.

*Starfstengdur eftirlaunasjóður*: Lögðili sem starfar, á sjóðmynduðum grundvelli, aðskilinn frá þeim aðila sem greiðir iðgjöldin, í þeim tilgangi að tryggja eftirlaunarétt í samræmi við samninga þar um.

## 3. gr.

*Aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum.*

Aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum skal byggjast á samningi á milli starfsmanna og vinnuveitanda þeirra. Þá er sjálfstætt starfandi aðilum heimilt að semja um aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum.

## 4. gr.

*Skilyrði fyrir starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs.*

Fjármálaráðuneytið veitir starfstengdum eftirlaunasjóði starfsleyfi að uppfylltum sömu skilyrðum og koma fram í V. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði IV. og VI.–X. kafla laga nr. 129/1997 gilda um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða nema annað komi fram í lögum þessum. Ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997 gildir þó ekki um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða.

Starfstengdur eftirlaunasjóður skal vera skráður hjá Fjármálaeftirlitinu og háður eftirliti þess. Starfstengdur eftirlaunasjóður skal takmarka starfsemi sína við rekstur sem varðar starfstengd eftirlaun. Starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs skal vera fjárhagslega og lagalega aðskilin frá starfsemi aðildarfyrirtækis.

## 5. gr.

*Fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða.*

Starfstengdur eftirlaunasjóður skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Í því skyni skulu fjárfestingar sjóðsins vera í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og eftirlaunaþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunarárekstur skal sjóðurinn eða einingin sem stýrir safni hans sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga.
2. Fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.
3. Fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka.
4. Fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum sjóðsins. Sjóðurinn skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna.
5. Eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að sjóðurinn lendi í óhóflegri áhættusambjöppun.

6. Fjárfesting í aðildarfyrirtæki skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtæki er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtæki tilheyir ekki vera yfir 10% eignasafnsins.  
Ákvæði 5. og 6. tölul. 1. mgr. eiga ekki við gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

## 6. gr.

*Iðgjaldagreiðslur frá öðrum ríkjum.*

Starfstengdum eftirlaunasjóði sem hefur starfsleyfi hér á landi er heimilt að veita viðtöku iðgjaldi vegna starfsmanns sem starfar í öðru ríki.

Þegar um er að ræða iðgjaldagreiðslur frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal viðkomandi eftirlaunasjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu frá hvaða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins iðgjaldagreiðslan kemur, nafn greiðanda og helstu einkenni viðkomandi samnings.

Fjármálaeftirlitið skal láta eftirlitsaðila í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í té upplýsingar skv. 2. mgr. og tilkynna viðkomandi eftirlaunasjóði þar um. Að því loknu er eftirlaunasjóðnum heimilt að veita iðgjaldi viðtöku vegna starfsmanns sem starfar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við lög og reglur aðildarríkisins.

## 7. gr.

*Refsiákvæði.*

Um brot gegn lögum þessum fer skv. 55. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## 8. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

## 9. gr.

*Innleiðing.*

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 sem birt var 19. október 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Fylgiskjal.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/41/EB

frá 3. júní 2003

## um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr. (1. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Einn heill og óskiptur markaður fyrir fjármálaþjónustu hefur mikla þýðingu fyrir hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.
- 2) Griðarlegur árangur hefur þegar náðst í að stofna innri markaðinn sem gerir fjármálastofnunum kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum og tryggir víðtæka vernd fyrir neytendur fjármálaþjónustu.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun“ er gerð grein fyrir röð aðgerða sem nauðsynlegar eru til að gera innri markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og á fundi leiðtogaáráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var kallað eftir framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar eigi síðar en 2005.
- 4) Í aðgerðaáætluninni fyrir fjármálaþjónustu er lögð rík áhersla á brýna nauðsyn þess forgangsverkefnis að semja drög að tilskipun um varfærniseftirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri í ljósi þess að þessar stofnanir eru mikilvægar fjármálastofnanir og gegna lykilhlutverki í því að tryggja samþættingu, skilvirkni og lausafjárstöðu fjármálamarkaða, en falla ekki undir samfelldan lagaramma Bandalagsins en það gerir þeim kleift að nýta sér til fulls gagnlega kosti innri markaðarins.
- 5) Almennatryggingakerfi verða fyrir sífellt meiri þrýstingi og þess vegna verður í framtíðinni enn frekar treyst á starfstengdar lífeyrisgreiðslur sem viðbótartryggingavernd. Af þeim sökum skal þróa starfstengdar lífeyrisgreiðslur, án þess þó að dregið sé í efa mikilvægi lífeyristryggingar almennatryggingakerfa sem veita örugga, varanlega og árangursrika, félagslega vernd, sem skulu tryggja sanngjörn líf skjör á efri árum og skulu því vera kjarninn í því að stuðla að styrkari félagsgerð Evrópu.
- 6) Með þessari tilskipun er þannig tekið fyrsta skrefið í átt að innri markaði fyrir starfstengdan lífeyri sem er skipulagður um alla Evrópu. Með því að beita varfærnisreglunni (prudent person rule) sem meginreglunni að baki fjárfestingum og með því að stofnunum er gert kleift að stunda rekstur yfir landamæri er hvatt til þess að sparifé sé aftur beint í geirann fyrir starfstengdan lífeyri og þannig stuðlað að efnahagslegum og félagslegum framförum.
- 7) Varfærnisreglunum, sem mælt er fyrir um þessari tilskipun, er ætlað hvort tveggja, að tryggja víðtækt öryggi lífeyrisþega í framtíðinni með setningu strangra eftirlitsstaðla og að auðvelda skilvirka stjórnun starfstengdra lífeyriskerfa.
- 8) Stofnanir, sem eru algjörlega aðskildar frá aðildarfyrirtækjum og eru reknar á grundvelli fjármögnunar með það eitt að markmiði að annast eftirlaunagreiðslur, skal veitt frelsi til að veita þjónustu og frelsi til fjárfestinga, þó með fyrirvara um samræmdar varfærniskröfur, óháð því hvort lítið er á þessar stofnanir sem lögáðila.
- 9) Aðildarríkin skulu, í samræmi við dreifraðisregluna, bera áfram fulla ábyrgð á uppbyggingu lífeyriskerfa sinna og á því hvernig þau ákveða hvaða hlutverki hver og ein stoðanna

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 136.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (ESB C 65 E, 14.3.2002, bls. 135). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 2003 hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2003.

- þriggja í lífeyriskerfum einstakra aðildarríkja gegnir. Innan ramma annarrar stoðarinnar skulu þau einnig bera fulla ábyrgð á hlutverki og starfsemi hinna ýmsu stofnana sem greiða út starfstengd lífeyrisréttindi, s.s. lífeyrissjóða atvinnugreina, lífeyrissjóða félaga og líftryggingafélaga. Tilskipuninni er ekki ætlað að draga þetta fyrirkomulag í efa.
- 10) Innlendir reglur um þátttöku sjálfstætt starfandi einstaklinga í stofnunum um starfstengdan lífeyri eru mismunandi. Í sumum aðildarríkjum geta stofnanir um starfstengdan lífeyri ýmist starfað á grundvelli samninga við atvinnugrein eða atvinnugreinasamtök þar sem sjóðfélagarnir koma fram sem sjálfstætt starfandi eða með beinum samningum við sjálfstætt starfandi og launaða einstaklinga. Í sumum aðildarríkjum getur sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig orðið aðili að stofnun ef sjálfstætt starfandi einstaklingurinn starfar sem vinnuveitandi eða veitir fyrirtæki faglega þjónustu sína. Í sumum aðildarríkjum geta sjálfstætt starfandi einstaklingar ekki orðið aðilar að stofnun um starfstengdan lífeyri nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.m.t. er skilyrði sem eru lögbundin með félagsmála- og vinnulöggjöf.
- 11) Stofnanir, sem hafa umsjón með almannatryggingakerfum sem hafa þegar verið samræmd á vettvangi Bandalagsins, skulu undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar. Þó skal taka tillit til sérstöðu stofnana sem bæði stýra almannatryggingakerfum og starfstengdum lífeyriskerfum í einu og sama aðildarríkinu.
- 12) Fjármálastofnanir, sem nýta sér nú þegar lagaramma Bandalagsins, skulu að öllu jöfnu falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þó er mikilvægt að tryggja að þessi tilskipun leiði ekki til röskunar á samkeppni vegna þess að í sumum tilvikum bjóða þessar stofnanir einnig þjónustu innan starfstengdra lífeyriskerfa. Komast má hjá slíkri röskun með því að beita varfærniskröfum þessarar tilskipunar gagnvart rekstri starfstengds lífeyris hjá líftryggingafélögum. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vökult eftirlit með aðstæðum á markaðinum fyrir starfstengdan lífeyri og meta hvort unnt sé að rýmka valfrjálsa beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái einnig til annarra fjármálastofnana sem starfa samkvæmt lögum.
- 13) Þegar stefnt er að því að tryggja fjárhagslegt öryggi á eftirlaunaárum skulu réttindagreiðslur frá stofnunum um starfstengdan lífeyri að öllu jöfnu vera lífeyrir til æviloka. Einnig skal vera möguleiki á tímabundnum greiðslum eða eingreiðslu.
- 14) Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk og fatlaðir lendi ekki í þeim aðstæðum að þurfa að búa við fátækt og að það geti notið mannsæmandi lífskjara. Viðeigandi trygging fyrir áhættu er tengist ævilikum manna í starfstengdum lífeyriskerfum er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn fátækt og óöryggi meðal aldraðra. Þegar lífeyriskerfi er komið á skulu vinnuveitendur og launamenn, eða fulltrúar þessara tveggja hópa, skoða þann möguleika að í lífeyriskerfinu felist einnig trygging sem nær yfir áhættu vegna langlífis og skertrar starfsgetu auk lífeyris til eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna.
- 15) Það getur auðveldað eftirlit í sumum aðildarríkjum ef þeim er gefinn sá kostur að undanskilja stofnanir, sem sjá um kerfi þar sem sjóðfélagar eru samtals innan við 100, frá gildissviði innendra framkvæmdarlöggjafar stofnanir, án þess þó að slíkt grafi undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins í þessum geira. Þetta ætti þó ekki að draga úr rétti þessara stofnana til að tilnefna forstöðumenn fjárfestinga og vörsluaðila með staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að stýra fjárfestingasamvali þeirra og vörslu á eignum þeirra.
- 16) Stofnanir eins og „Unterstützungskassen“ í Þýskalandi, þar sem sjóðfélagar hafa engin lagaleg réttindi til tiltekinna fjárhæðar réttindagreiðslna og hagsmunir þeirra eru varðir með lögboðinni skyldutryggingu gegn gjaldþroti, skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 17) Í því skyni að vernda félaga og lífeyrisþega skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri takmarka starfsemi sína þannig að hún nái aðeins til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun og starfsemi sem af henni leiðir.
- 18) Ef til þess kemur að aðildarfyrirtæki verður gjaldþrota stendur félagi andspænis þeirri hættu að missa bæði starf sitt og áunnin lífeyrisréttindi sín. Þetta skapar þá nauðsyn að tryggja að skýr skil séu á milli fyrirtækisins og stofnunarinnar og að mælt sé fyrir um lágmarksvarfærnisviðmiðanir í því skyni að vernda félaga.

- 19) Umtalsverður munur er á því í aðildarríkjunum hvernig stofnanir um starfstengdan lífeyri starfa og hvernig eftirliti með þeim er háttað. Í sumum aðildarríkjum getur eftirlit verið haft bæði með stofnuninni sjálfri og einnig einingum eða félögum sem heimilað er að stýra þessum stofnunum. Aðildarríki skulu vera fær um að taka tillit til slíkrar sérstöðu svo fremi sem allar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu uppfylltar. Aðildarríkin skulu einnig vera fær um að heimila váttrygginga-fyrirtækjum og öðrum fjármálafyrirtækjum að stýra stofnunum um starfstengdan lífeyri.
- 20) Stofnanir um starfstengdan lífeyri eru veitendur fjármálaþjónustu en þeir bera ríka ábyrgð við greiðslu starfstengdra eftirlunaréttinda og af þeim sökum skulu þeir uppfylla tiltekin lágmarksviðmið um varfærni að því er varðar starfsemi sína og rekstrarskilyrði.
- 21) Vegna feikilegs fjölda stofnana í tilteknum aðildarríkjum er nauðsynlegt að finna hagnýta lausn á því hvernig hægt er að veita stofnunum starfsleyfi fyrir fram. Ef, á hinn bóginn, stofnun æskir þess að stýra kerfi í öðru aðildarríki skal krefjast þess að lögbært yfirvald í heima-aðildarríkinu hafa veitt starfsleyfi fyrir fram.
- 22) Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar, sem gefa glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar, þar sem tekið er tillit til allra lífeyriskerfa sem stofnunin stýrir og viðurkenndir aðilar hafa samþykkt, eru mikilvæg upplýsingaheimild fyrir félagi og lífeyrisþega kerfa sem og lögbær yfirvöld. Sér í lagi gera þær lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með fjárhagslegum styrkleika stofnunar og að þau geti metið hvort stofnunin hafi getu til að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar sínar.
- 23) Það er höfuðatriði að sjóðfélagar og lífeyrisþegar lífeyriskerfis fái réttar upplýsingar. Einkum skiptir þetta máli vegna beiðna um upplýsingar varðandi fjárhagslegan styrkleika stofnunarinnar, samningsreglurnar, réttindin og raunfjármögnun áunninna lífeyrisréttinda, fjárfestingastefnu og áhættu- og kostnaðarstýringu.
- 24) Fjárfestingastefna stofnunar er ákvarðandi þáttur bæði fyrir öryggi og hagkvæmni starfstengdra lífeyrisgreiðslna. Stofnanirnar skulu því setja fram og endurskoða að lágmarki á þriggja ára fresti greinargerð um meginreglur við fjárfestingar. Hún skal vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum og einnig sjóðfélögum og lífeyrisþegum í hverju lífeyriskerfi, sé þess óskað.
- 25) Til að lögbær yfirvöld geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu skulu þau hafa fullnægjandi réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar að því er varðar stofnanir og aðilana sem stjórna þeim í reynd. Í því tilviki að stofnun um starfstengdan lífeyri hefur yfirfært verulega mikilvæg verkefni til annarra félaga (utankaup), s.s. stýringu fjárfestinga, upplýsingatækni eða bókhald, skal vera unnt að útvíkka réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar þannig að þau ná yfir þessi utanaðkeyptu verkefni til þess að unnt sé að hafa eftirlit með því hvort þessari starfsemi sé sinnt í samræmi við eftirlitsreglur.
- 26) Það er grundvallarskilyrði að reikna tryggingaskuld með varfærni til að tryggja að unnt sé að standa við skuldbindingar um greiðslu eftirlauna. Reikna skal tryggingaskuld á grundvelli viðurkenndra tryggingafræðilegra aðferða og hún skal vottuð af hæfum aðilum. Velja skal hámarksvexti með varfærni í samræmi við viðeigandi innlendar reglur. Lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal nægja bæði fyrir réttindagreiðslum sem þegar eru greiddar til lífeyrisþega og verða greiddar áfram sem og fyrir skuldbindingum sem myndast vegna áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga.
- 27) Verulegur munur er í aðildarríkjunum á því til hvers konar áhættu tryggingar taka hjá stofnunum. Heimaaðildarríki skulu því eiga þess kost að setja viðbótarreglur sem eru ítarlegri en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um út-reikning á tryggingaskuld.
- 28) Nægar og viðeigandi eignir, sem standa undir tryggingaskuld, vernda hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega lífeyriskerfisins ef aðildarfyrirtækið verður gjaldþrota. Einkum á það við þegar starfsemi fer fram yfir landamæri en þá er nauðsynlegt, samkvæmt gagnkvæmri viðurkenningu á eftirlitsreglum sem beitt er í aðildarríkjum, að tryggingaskuld sé ævinlega fjármögnuð að fullu.
- 29) Ef starfsemi stofnunar fer ekki fram yfir landa-

- mæri skal aðildarríkjum unnt að heimila vanfjármögnun að því tilskildu að gerð sé viðeigandi áætlun um að koma aftur á fullri fjármögnun og með fyrirvara um kröfur sem gerðar eru í tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota<sup>(4)</sup>.
- 30) Oft getur það verið aðildarfyrirtækið en ekki stofnunin sjálf sem sér annaðhvort fyrir nægum tryggingum vegna hvers kyns áhættu sem tengist ævilikum manna eða ábyrgist tiltekin réttindi eða árangur af fjárfestingum. Í sumum tilvikum er það þó stofnunin sjálf sem sér um þessa tryggingu eða ábyrgðir og skuldbindingar þess aðila sem greiðir til hennar eru einungis bundnar til greiðslu nauðsynlegra framlaga. Við slíkar aðstæður eru þær tryggingar, sem í boði eru, sambærilegar þeim sem líftryggingafélög bjóða og hlutaðeigandi stofnanir skulu að lágmarki eiga jafnmikið viðbótar eigið fé og líftryggingafélög.
- 31) Stofnanir eru fjárfestar sem fjárfesta til mjög langs tíma. Að öllu jöfnu er ekki unnt að innleysa eignir þessara stofnana í neinum öðrum tilgangi en að sjá fyrir eftirlaunum. Í því skyni að verja réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega á fullnægjandi hátt skulu stofnanir enn fremur vera færar um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og gildistíma skuldbindinga þeirra. Þessir þættir kalla á skilvirkt eftirlit og nálgun við fjárfestingarreglur sem veita stofnunum nægilegan sveigjanleika til að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingastefnuna og skyldar þær til að sýna varfærni. Sé farið að varfærnisreglunni (prudent person rule) krefst það fjárfestingarstefnu sem er sniðin að samsetningu sjóðfélaga sérhverrar stofnunar um starfstengdan lífeyri.
- 32) Eftirlitsaðferðir og -venjur eru mismunandi í aðildarríkjunum. Þess vegna skulu aðildarríkin hafa nokkuð valfrælsi um nákvæmar fjárfestingareglur sem þau æskja að setja um stofnanir sem eru á þeirra yfirráðasvæði. Þessar reglur skulu þó ekki takmarka frjálssa fjármagnsflutninga nema slíkt sé réttlæt看legt út frá varfærnisþjórnarmiði.
- 33) Vegna þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri eru langtímafjárfestar með litla lausafjár-áhættu er þeim fært að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og einnig í áhættufjármagnsmörkuðum innan varfærnismarka. Þær geta einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum skal ekki takmarka fjárfestingu í hlutabréfum, áhættufjármagnsmörkuðum og gjaldmiðlum, öðrum en þeim sem skuldinar eru í, að öðru leyti en út frá varfærni.
- 34) Ef starfsemi stofnunarinnar fer fram yfir landamæri getur þó verið að lögbær yfirvöld gisti- aðildarríkisins æski þess að það virði mörk um fjárfestingar í hlutabréfum og sambærilegum eignum, sem eru ekki skráð á skipulegan markað, í hlutabréfum og öðrum gæringum sem gefin eru út af sama fyrirtæki eða í eignum, sem eru ekki í samstæðum gjaldmiðlum, að því tilskildu að þessar reglur eigi einnig við um stofnanir í gístaðildarríkinu.
- 35) Takmarkanir varðandi frjálst val stofnana á viðurkenndum forstöðumönnum eigna og vörsluaðilum takmarka samkeppni á innri markaðinum og skal því fella þær niður.
- 36) Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu stofnanir hafa möguleika á að veita þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum. Þeim skal heimilað að taka við greiðslum frá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og að starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagarnir eru í fleiri en einu aðildarríki. Þetta gæti hugsanlega leitt til töluverðrar stærðarhagkvæmni fyrir þessar stofnanir, bætt samkeppnishæfni atvinnulífsins í Bandalaginu og ýtt undir hreyfanleika vinnuafls. Þetta krefst gagnkvæmrar viðurkenningar varfærnisviðmiða. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu hafa eftirlit með því að þessum varfærnisviðmiðunum sé framfylgt á réttan hátt.
- 37) Ef stofnun í aðildarríki nýtir sér réttinn til að starfrækja starfstengt lífeyriskerfi, sem samið er um í öðru aðildarríki, skal hún fara að öllu leyti að ákvæðum gildandi félagsmála- og vinnulöggjafar í gístaðildarríkinu að svo miklu leyti sem það varðar starfstengdan lífeyri, t.d. skilgreiningu og greiðslu eftirlauna og skilyrði varðandi yfirfærslu lífeyrisréttinda.
- 38) Þegar kerfi er haldið aðgreindu skulu ákvæði

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 283, 28.10.1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/74/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10).

þessarar tilskipunar gilda sérstaklega um það kerfi.

- 39) Mikilvægt er að kveða á um samstarf um eftirlit milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og samstarf í öðru skyni milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar. Lögbær yfirvöld skulu, í því skyni að sinna skyldum sínum og stuðla að samkvæmni og tímanlegri framkvæmd þessarar tilskipunar, veita hvert öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að beita ákvæðum tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur látið í ljós ætlun sína að koma á fót nefnd eftirlitsmanna til þess að hvetja til samvinnu, samræmingar og skoðana-skipta milli innlendra lögbærra yfirvalda og til þess að stuðla að samræmdri framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 40) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að koma á lagaramma í Bandalaginu sem nær yfir stofnanir um starfstengdan lífeyri, og auðveldara er fyrir Bandalagið að ná markmiðinu vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Viðfangsefni

Í þessari tilskipun eru settar reglur um stofnun og rekstur starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri stunda.

##### 2. gr.

##### Gildissvið

1. Tilskipunin gildir um stofnanir um starfstengdan lífeyri. Í þeim tilvikum að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við innlend lög skulu aðildarríki beita þessari tilskipun annaðhvort gagnvart þessum stofnunum eða, með fyrirvara um 2. mgr., gagnvart aðilum sem veitt hefur verið leyfi og bera ábyrgð á rekstri þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd.
2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) stofnanir sem stýra almannatryggingakerfi og falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 <sup>(5)</sup> og reglugerð (EBE) nr. 574/72 <sup>(6)</sup>,
- b) stofnanir sem falla undir tilskipun 73/239/EBE <sup>(7)</sup>, tilskipun 85/611/EBE <sup>(8)</sup>, tilskipun 93/22/EBE <sup>(9)</sup>, tilskipun 2000/12/EB <sup>(10)</sup> og tilskipun 2002/83/EB <sup>(11)</sup>,
- c) stofnanir sem reknar eru með gegnumstreymis-kerfi,
- d) stofnanir þar sem starfsmenn aðildarfyrirtækjanna hafa engan lagalegan rétt til réttinda og að-

<sup>(5)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem fastsetur málsmeðferð vegna framkvæmdar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtið. L 74, 27.3.1972, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).

<sup>(7)</sup> Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

<sup>(8)</sup> Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) (Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

<sup>(9)</sup> Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta (Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

<sup>(11)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).



ildarfyrirtækið getur innleyst eignirnar hvenær sem er og þarf ekki endilega að fullnægja skuldbindingum sínum um greiðslu eftirlauna,

- e) félag með sjóði sem ekki byggja á sjóðsöfnun í því skyni að greiða starfsmönnum sínum eftirlaun.

3. gr.

**Beiting að því er varðar stofnanir sem starfrækja almannatryggingakerfi**

Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem einnig starfrækja skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar. Í slíku tilviki skulu skuldbindingunum og samsvarandi eignum haldið aðgreindum og ekki skal unnt að yfirfæra þær til skyldubundinna lífeyriskerfa sem litið er á sem almannatryggingakerfi eða öfugt.

4. gr.

**Valfrjáls beiting að því er varðar stofnanir sem falla undir tilskipun 2002/83/EB**

Heimaaðildarríki geta kosið að beita ákvæðum 9.–16. gr. og 18.–20. gr. þessarar tilskipunar gagnvart rekstri váttryggingafélaga, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, sem annast starfstengdan lífeyri. Í því tilviki skal halda aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir og skuldbindingar, sem samsvara fyrrgreindum rekstri, og hafa þær aðgreindar frá allri annarri starfsemi váttryggingafélagsins, og enginn möguleiki skal vera á yfirfærslu.

Váttryggingafélög skulu, í því tilviki og aðeins að því er varðar rekstur varðandi starfstengdan lífeyri, ekki falla undir 20.–26. gr., 31. gr. og 36. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

Heimaaðildarríkið skal tryggja að annaðhvort lögbær yfirvöld eða þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með váttryggingafélögum, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, og það sé hluti af eftirlitsverkefnum þeirra, sannreyni að rekstur varðandi starfstengdan lífeyri sé algerlega aðskilinn öðrum rekstri.

5. gr.

**Litlar lífeyrisstofnanir og almannatryggingakerfi**

Aðildarríki geta valið að beita ekki þessari tilskipun, að fullu eða að hluta, að undanskilinni 19. gr., gagn-

vart öllum stofnunum á yfirráðasvæðum þeirra sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar þeirra allra eru alls innan við 100. Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skulu þessar stofnanir þó eiga rétt á að beita þessari tilskipun ef þau æskja þess. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

Aðildarríki geta valið að beita ekki 9.–17. gr. gagnvart stofnunum sem annast lögboðinn starfstengdan lífeyri sem opinber yfirvöld ábyrgjast. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

6. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „stofnun um starfstengdan lífeyri“ eða „stofnun“: stofnun, án tillits til rekstrarforms að lögum, sem rekin er með fjármögnun og er stofnuð aðskilin frá aðildarfyrirtæki eða atvinnugrein í þeim tilgangi að annast atvinnutengdar eftirlaunagreiðslur á grundvelli samkomulags eða samnings:
- sem er gerður fyrir hvern og einn eða í heild milli vinnuveitanda eða vinnuveitanda og starfsmanns eða starfsmanna eða fulltrúa þeirra hvors eða hvorra um sig eða
  - sem er gerður við sjálfstætt starfandi aðila í samræmi við löggjöf heima- og gístiaðildarríkja,
- og annast starfsemi sem rekja má beint til þess,
- b) „lífeyriskerfi“: samningur, samkomulag, vörslusjóðsskjal eða reglur sem kveða á um greiðslu eftirlauna og þá með hvaða skilyrðum,
- c) „aðildarfyrirtæki“: fyrirtæki eða annar aðili, hvort sem til þess teljast eða það samanstendur af einum eða fleiri lögaðilum eða einstaklingum, sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi eða með einhverri slíkri samsetningu og greiðir framlög til stofnunar um starfstengdan lífeyri,
- d) „eftirlaun“: réttindi sem eru greidd út þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, örorku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts. Í því skyni að stuðla að fjárhagslegu öryggi á

- eftirlaunaárum eru þessi réttindi yfirleitt í formi ævilangra greiðslna. Þetta geta þó einnig verið tímabundnar greiðslur eða eingreiðslur,
- e) „sjóðfélagi“: einstaklingur sem á rétt á eða mun eiga rétt á eftirlaunum í krafti atvinnu sinnar í samræmi við ákvæði lífeyriskerfis,
  - f) „lífeyrisþegi“: aðili sem fær greidd eftirlaun,
  - g) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem eru tilnefnd til að inna af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun,
  - h) „áhætta sem tengist ævilikum manna“: áhætta tengd andláti, örorku og langlífi,
  - i) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem stofnunin er með skráða skrifstofu sína og aðalskrifstofu eða aðalskrifstofu ef hún er ekki með skráða skrifstofu,
  - j) „gistiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum á við um tengslin milli aðildarfyrirtækisins og sjóðfélaga.

7. gr.

#### Starfsemi stofnunar

Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að stofnanir, sem eru innan yfirráðasvæðis þess, takmarki starfsemi sína við rekstur, tengdan lífeyri og starfsemi sem af þeim leiðir.

Þegar váttryggingafyrirtæki stýrir rekstri sínum varðandi starfstengdan lífeyri með því að halda eignum sínum og skuldum aðgreindum, í samræmi við 4. gr., skulu aðgreindu eignirnar og skuldirnar takmarkast við rekstur, tengdan eftirlaunum og starfsemi sem leiðir beint af þeim.

8. gr.

#### Lögformlegur aðskilnaður milli aðildarfyrirtækja og stofnana um starfstengdan lífeyri

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að aðildarfyrirtæki og stofnun um starfstengdan lífeyri séu lögformlega aðskilin svo að eignir stofnunarinnar séu varðar í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega í því tilviki að aðildarfyrirtækið yrði gjaldþrota.

9. gr.

#### Skilyrði varðandi rekstur

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja eftirfarandi að því er varðar sérhverja stofnun sem er á yfirráðasvæði þess:

- a) að lögbært eftirlitsyfirvald skrái stofnunina í innlenda skrá eða veiti henni leyfi, ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal einnig koma fram í skránni í hvaða aðildarríkjum stofnunin er með rekstur,
  - b) að stofnunin sé rekin á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð og þeir verði að hafa viðeigandi starfsmenntun og hæfi eða hafi í vinnu sinni ráðgjafa með viðeigandi starfsmenntun og hæfi og reynslu,
  - c) að komið hafi verið til framkvæmda reglum um starfrækslu lífeyriskerfa sem stofnunin rekur og þær hafi verið settar á viðeigandi hátt og sjóðfélögum hafi verið kynntar þessar reglur nægilega vel,
  - d) að allar tryggingaskuldir séu reiknaðar og vottaðar af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða sem viðurkenndar eru af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu,
  - e) að aðildarfyrirtækið ábyrgist greiðslu eftirlauna í því tilviki að það hafi skuldbundið sig til reglulegrar fjármögnunar,
  - f) sjóðfélagarnir séu nægilega vel upplýstir um skilyrði lífeyriskerfisins, einkum varðandi:
    - i) réttindi og skyldur þeirra aðila sem eiga aðild að lífeyriskerfinu,
    - ii) fjárhagslega, tæknilega og aðra áhættu, tengda lífeyriskerfinu,
    - iii) eðli og dreifingu þessarar áhættu.
2. Í samræmi við dreifræðisregluna og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umfangs lífeyrisgreiðslna sem almannatryggingakerfi bjóða geta aðildarríki kveðið á um að sjóðfélögum standi til boða trygging sem nær yfir langlífi og örorku, greiðslur til eftirlifandi aðstandenda og trygging fyrir endurgreiðslu framlaga í formi viðbótarréttinda ef vinnuveitendur og starfsmenn eða fulltrúar þeirra hvorra um sig koma sér saman um það.
3. Aðildarríki getur sett skilyrði um rekstur stofnunar á yfirráðasvæði þess sem eru háð öðrum kröfum í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega séu varðir með fullnægjandi hætti.
4. Aðildarríki getur heimilað eða krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þess feli rekstur þessara

stofnana, að öllu leyti eða að hluta, öðrum einingum sem starfa fyrir hönd þessara stofnana.

5. Í því tilviki að starfsemin nái yfir landamæri, eins og um getur í 20. gr., skulu skilyrði fyrir rekstri stofnunarinnar vera með fyrirvara um að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafi veitt henni starfsleyfi fyrir fram.

*10. gr.*

**Ársreikningar og ársskýrsla**

Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhver lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar skulu gefa rétta og sanna mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Ársskýrslurnar og upplýsingar í skýrslunum skulu vera í fullu samræmi, heildstæðar, rétt fram settar og samþykktar með tilhlýðilegum hætti af aðilum sem til þess hafa heimild í samræmi við innlend lög.

*11. gr.*

**Upplýsingar sem ber að veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum**

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess leggi a.m.k. fram þær upplýsingar sem settar eru fram í þessari grein, eftir því hvers eðlis lífeyriskerfið er sem komið er á fót.

2. Sjóðfélagar og lífeyrisþegar og/eða, þar sem við á, fulltrúar þeirra skulu fá:

- a) að fenginni beiðni, ársreikningana og ársskýrslurnar, sem um getur í 10. gr., og, þegar stofnun ber ábyrgð á fleiri en einu kerfi, þá ársreikninga og þær ársskýrslur sem tengjast tilteknu lífeyriskerfi,
  - b) allar viðeigandi upplýsingar um breytingar á reglum lífeyriskerfis innan hæfilegs tímaramma.
3. Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu, sem um getur í 12. gr., skal vera aðgengileg sjóðfélögum og lífeyrisþegum og/eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra að fenginni beiðni.
4. Sérhver sjóðfélagi skal einnig fá, að fenginni beiðni, ítarlegar og greinagóðar upplýsingar um:
- a) fyrirhugað stig eftirlauna, ef við á,
  - b) fjárhæð réttindagreiðslna ef um er að ræða starfslok,

c) í því tilviki að sjóðfélagi beri fjárfestingaáhættuna, hverjir fjárfestingarmöguleikar eru, ef við á, og raunverulegt fjárfestingasamval, auk upplýsinga um áhættu og kostnað tengdan fjárfestingunum,

d) fyrirkomulag sem tengist yfirfærslu lífeyrisréttinda til annarrar stofnunar um starfstengdan lífeyri ef um er að ræða lok ráðningarsambands.

Sjóðfélagar skulu árlega fá stutt yfirlit yfir stöðu stofnunarinnar og einnig hvert núverandi fjármögnunarstig áunninna réttinda hvers og eins er.

5. Við lífeyrisaldur eða þegar réttur til útgreiðslu annarra réttinda skapast skal sérhver lífeyrisþegi fá viðeigandi upplýsingar um réttindi sem koma eiga til útgreiðslu og valmöguleika um útgreiðslu þeirra.

*12. gr.*

**Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu**

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess semji og endurskoði að lágmarki á þriggja ára fresti skriflega yfirlýsingu um meginreglur í fjárfestingastefnu. Þessa yfirlýsingu skal endurskoða tafarlaust ef orðið hafa umtalsverðar breytingar á fjárfestingastefnunni. Aðildarríkin skulu kveða á um að þessi yfirlýsing hafi a.m.k. að geyma efni á borð við aðferðir við mælingu á fjárfestingaráhættu, ferlin sem komið hefur verið á við áhættustjórnun og skipulagða eignaskiptingu að því er varðar eðli og gildistíma lífeyriskuldbindinga.

*13. gr.*

**Upplýsingar sem ber að veita lögbærum yfirvöldum**

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir og leiðir að því er varðar hverja þá stofnun á yfirráðasvæði þess:

- a) til að krefjast þess að stofnunin, stjórn og stjórnarmenn eða aðilar sem stýra stofnuninni veiti upplýsingar um öll viðskiptaleg málefni eða framsendi öll viðskiptaskjöl,
- b) til að hafa eftirlit með tengslum milli stofnunarinnar og annarra félaga eða milli stofnana þegar þær flytja starfssvið til þessara félaga eða stofnana (utankaup) og hafi þannig áhrif á fjárhagsstöðu stofnunarinnar eða skipti verulegu máli vegna skilvirks eftirlits,
- c) til að fá reglubundið yfirlýsingu um meginreglur um fjárfestingastefnu, ársreikninga og ársskýrslur

og öll skjöl sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með starfseminni. Þetta geta m.a. verið skjöl á borð við:

- i) innri árshlutaskýrslur,
  - ii) tryggingafræðilegt virðismat og ítarlegar forsendur þess,
  - iii) kannanir á eignum og skuldbindingum
  - iv) staðfesting á því að stofnunin fylgi meginreglum um fjárfestingastefnu,
  - v) staðfesting á því að framlög hafi verið greidd samkvæmt áætlun,
  - vi) skýrslur þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninganna sem um getur í 10. gr.,
- d) til að annast vettvangsskoðun á athafnasvæði stofnunarinnar og, þar sem við á, þar sem starfs svið hafa verið utankeypt til að ganga úr skugga um hvort starfsemin fari fram í samræmi við eftirlitsreglur.

#### 14. gr.

##### Vald lögbærra yfirvalda til ihlutunar og skyldur þeirra

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þeirra hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.
  2. Lögbær yfirvöld skulu hafa vald til þess að gera hvaða ráðstafanir sem er annaðhvort beint gagnvart stofnun á yfirráðasvæðum þeirra eða aðilunum sem reka stofnunina, m.a., þar sem við á, viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir sem eru stjórnunar- eða fjárhagslegs eðlis til að koma í veg fyrir eða ráða bót á vanrækslu sem skaðar hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega.
- Þau geta einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun stofnunarinnar á eignum sínum, einkum þegar
- a) stofnunin hefur ekki getað myndað fullnægjandi tryggingaskuld vegna starfseminnar í heild eða á ekki nógar eignir til að standa undir tryggingaskuldinni,
  - b) stofnunin á ekki skyldubundinn viðbótarsjóð.
3. Í því skyni að verja hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega er lögbærum yfirvöldum heimilt að flytja það vald, sem aðilar sem reka stofnun sem er á yfirráðasvæðum þeirra hafa í samræmi við lög heima-

aðildarríkisins, að öllu leyti eða að hluta, til sérstaks fulltrúa sem er hæfur til að fara með þetta vald.

4. Lögbæru yfirvöldin geta bannað eða takmarkað starfsemi stofnunar sem er á yfirráðasvæðum þeirra, einkum ef:
  - a) stofnunin stendur ekki nægilega vel vörð um hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega,
  - b) stofnunin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir rekstri,
  - c) stofnunin bregst alvarlega skyldum sem á henni hvíla samkvæmt gildandi reglum,
  - d) í því tilviki að starfsemi fari fram yfir landamæri, stofnunin virðir ekki kröfur samkvæmt félagsmála- og vinnulöggjöf í gístiaðildarríkinu sem eiga við um starfstengdan lífeyri.

Ákvörðun um að banna starfsemi stofnunar skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi stofnun.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að leita til dómstóla með allar ákvarðanir sem teknar eru um stofnanir samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

#### 15. gr.

##### Tryggingaskuld

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi, ákvarði ávallt, að því er varðar öll lífeyriskerfi þeirra, fullnægjandi fjárhæð skuldbindinga sem samsvarar fjárhagslegum skuldbindingum sem myndast vegna heildarsafns gildandi lífeyrissamninga.
2. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi þar sem boðnar eru tryggingar gegn áhættu sem tengist ævilikum manna og/eða ábyrgjast annaðhvort fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, ákvarði nægilega tryggingaskuld að því er varðar öll þessi kerfi.
3. Útreikningur á tryggingaskuld skal gerður ár hvert. Heimaaðildarríki getur þó heimilað að útreikningur sé gerður einu sinni á þriggja ára fresti ef stofnunin lætur sjóðfélögum og/eða lögbærum yfirvöldum í té vottun eða skýrslu með jöfnun fyrir hvert ár sem líður á milli. Staðfestingin eða skýrslan skal endurspeglja leiðréttu þróun tryggingaskuldar og breytingar á þeirri áhættu sem tryggð er.
4. Útreikningur á tryggingaskuld skal framkvæmdur og staðfestur af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á

Þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða, sem eru viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum í heimaáildarríkinu, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a) lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnu tryggingafræðilegu mati, að teknu tilliti til allra skuldbindinga vegna réttinda og vegna framlaga í samræmi við lífeyrisfyrirkomulag stofnunarinnar. Hún skal nægja bæði fyrir lífeyri og áframhaldandi útgreiðslum réttinda sem komið hafa til útgreiðslu til lífeyrisþega og jafnframt endurspeglar skuldbindingar vegna áunninna lífeyrisréttinda lífeyrisþega. Efnahagslegar og tryggingafræðilegar forsendur, sem valdar eru fyrir mat á skuldbindingum, skulu einnig valdar með varfærni og tillit skal tekið til, ef við á, viðeigandi svigrúms vegna óhagstæðs fráviks,
  - b) hámarksvextir skulu valdir með varfærni og ákvarðaðir í samræmi við allar viðeigandi reglur í heimaáildarríkinu. Þessir varfærnu vextir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af:
    - ávöxtun samsvarandi eigna sem stofnunin á og með hliðsjón af framtíðarfjárfestingatekju og/eða
    - markaðsávöxtun hágæðaskuldabréfa eða ríkisskuldabréfa,
  - c) töflurnar um áhættu sem tengist ævilíkum manna, sem notaðar eru til útreiknings á tryggingaskuld, skulu byggðar á varfærnisreglum með hliðsjón af megineinkennum sjóðfélagahópsins og lífeyriskerfanna, einkum væntra breytinga á þeirri áhættu sem um er að ræða,
  - d) aðferðin og grunnurinn við útreikning á tryggingaskuld skulu að öllu jöfnu vera óbreytt milli fjárhagsára. Þeim má þó breyta með því að færa rök fyrir því að breyting hafi orðið á lagalegum, lýðfræðilegum eða efnahagslegum aðstæðum sem liggja til grundvallar forsendunum.
5. Áildarríkið getur sett aukin og ítarlegri skilyrði um útreikning á tryggingaskuld í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaganna og lífeyrisþeganna séu varðir með fullnægjandi hætti.
6. Í því skyni að samræma betur reglur um útreikning á tryggingaskuld sem unnt er að færa rök fyrir, einkum um vaxtastig og aðrar forsendur sem hafa áhrif á fjárhæð tryggingaskuldar, skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu á tveggja ára fresti eða að

beiðni aðildarríkis um það með hvaða hætti starfsemi yfir landamæri þróast.

Framkvæmdastjórnin skal gera tillögu um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna mismunandi vaxtastigs og til að verja hagsmuni lífeyrisþega og sjóðfélaga að kerfum.

16. gr.

### Fjármögnun tryggingaskuldar

1. Heimaáildarríkið skal krefjast þess að sérhver stofnun hafi ávallt yfir að ráða nægum og viðeigandi eignum til að standa undir tryggingaskuld að því er varðar öll lífeyriskerfi sem starfrækt eru.
2. Heimaáildarríkið getur heimilað að stofnun hafi ekki nægar eignir til að standa undir tryggingaskuld í takmarkaðan tíma. Í slíku tilviki skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin samþykki raunhæfa og framkvæmanlega endurreisnaráætlun til þess að tryggja að farið sé aftur að kröfunum sem gerðar eru í 1. mgr. Eftirfarandi reglur skulu gilda um áætlunina:
  - a) stofnunin skal gera raunhæfa og framkvæmanlega áætlun um það hvernig eignir munu ná tilskilinni fjárhæð til að standa undir tryggingaskuld innan tilskilins tíma. Áætlunin skal vera tiltæk sjóðfélögum eða, þegar við á, fulltrúum þeirra og/eða vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda í heimaáildarríkinu,
  - b) þegar áætlunin er gerð skal tekið til tillit til sérstakra aðstæðna stofnunarinnar, einkum samsetningu eigna/skulda, áhættustefnu, lausafjáraætlunar, aldursdreifingar sjóðfélaga sem eiga rétt á eftirlaunum, nýstofnaðra kerfa og kerfa sem færast frá því að vera ekki fjármögnuð eða fjármögnuð að hluta yfir í það að vera fjármögnuð að fullu,
  - c) ef til þess kemur að hætt er með lífeyriskerfi á tímabilinu sem um getur framar í þessari málsgrein skal stofnunin tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaáildarríkinu. Stofnunin skal fastsetja málsmeðferð til þess að flytja eignir og samsvarandi skuldir til annarrar fjármálastofnunar eða sambærilegs aðila. Lögbær yfirvöld heimaáildarríkisins skulu upplýst um þessa málsmeðferð og almennt ágríp hennar skal vera aðgengilegt sjóðfélögum eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra í samræmi við meginregluna um trúnaðarskyldu.
3. Ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal tryggingaskuld ávallt fjár-

mögnuð að fullu í öllum lífeyriskerfum sem starfrækt eru. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld heimaáðildarríkisins hlutast til í samræmi við 14. gr. Til þess að fara að þessari kröfu getur heimaáðildarríkið krafist þess að eignum og skuldum sé haldið aðgreindum.

17. gr.

**Lögboðið eigið fé**

1. Heimaáðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja lífeyriskerfi, þar sem stofnunin sjálf en ekki aðildarfyrirtækið tekur að sér skuldbindingu gagnvart áhættu sem tengist ævilikum manna eða ábyrgist tiltekinn fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, hafi yfir að ráða varanlegum viðbótareignum umfram tryggingaskuld til að verjast sveiflum. Umrædd fjárhæð skal endurspegla tegund áhættu og eignagrunn allra þeirra kerfa sem starfrækt eru. Þessar eignir skulu vera án allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og mynda öryggisfjármagn til að jafna út mismun á ætluðum og raunverulegum kostnaði og hagnaði.

2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareignanna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 27. og 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB, gilda.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist þess af stofnunum á yfirráðasvæði þeirra að þær hafi yfir að ráða lögboðnu eigin fé eða setji ítarlegri reglur að því tilskildu að þær sé rökstuddar út frá varfærnisjónarmiði.

18. gr.

**Fjárfestingareglur**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra fjárfesti í samræmi við varfærnisregluna (prudent person rule), einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal stofnunin eða einingin sem stýrir safni hennar sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega,
- b) fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.

Við fjárfestingar í eignum til jöfnunar á móti tryggingaskuld skal hafa hliðsjón af eðli og tímalengd væntanlegra eftirlauna í framtíðinni,

- c) fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,
- d) fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum stofnunarinnar. Stofnunin skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,
- e) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að stofnunin lendi í óhóflegri áhættusamþjöppun,

- f) fjárfesting í aðildarfyrirtækinu skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtækið er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtækið tilheyrir ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

Þegar nokkur fyrirtæki greiða til stofnunarinnar skal fjárfesting í þessum aðildarfyrirtækjum vera varfærin og með hliðsjón af nauðsyn þess að dreifingin sé nægjanlega mikil.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum, sem um getur í e- og f-lið, gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

2. Heimaáðildarríkið skal banna stofnuninni að taka lán eða taka á sig ábyrgð fyrir hönd þriðju aðila. Aðildarríki geta hins vegar heimilað stofnunum að stunda lántökur að nokkru marki, þó einungis til að afla lausafjár og til skamms tíma.
3. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.
4. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir stofnunar á yfirráðasvæði þeirra eða forstöðumann fjárfestinga við neins konar fyrirfram-samþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu, sbr. þó 12. gr.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði 1.–4. mgr., að mæla fyrir um ítarlegri reglur um stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra, þar á meðal reglur um magn, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnisjónarmiði, til að endurspeglar öll lífeyriskerfi sem þessar stofnanir starfrækja.

Aðildarríkjunum er einkum heimilt að beita ákvæðum um fjárfestingar sem eru sambærilegar við ákvæðin í tilskipun 2002/83/EB.

Aðildarríkin skulu þó ekki hindra stofnanir í eftirfarandi atriðum:

- a) að fjárfesta fyrir allt að 70% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar eða alls stofnsins í kerfum þar sem sjóðfélagarnir bera fjárfestingaáhættuna í hlutabréfum, framseljanlegum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréfum, skráðum á skipulegum mörkuðum og að ákveða hlutfallslegt vægi þessara verðbréfa í fjárfestingasamvali þeirra. Aðildarríkjunum er þó heimilt, að því tilskildu að slíkt sé rökstutt út frá varfærnisjónarmiði, að nota lægri mörk gagnvart stofnunum sem bjóða lífeyriskjör með langtímavaxtaábyrgð, bera fjárfestingaáhættuna og gangast sjálf í ábyrgðir,
- b) að fjárfesta fyrir allt að 30% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í,
- c) að fjárfesta í áhættufjármagnsmörkuðum.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra beiti strangari reglum um fjárfestingar, einnig gagnvart einstökum stofnunum, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnisjónarmiði, einkum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem stofnunin gengst undir.

7. Þegar um er að ræða starfsemi yfir landamæri, eins og getur um í 20. gr., geta lögbær yfirvöld í sérhverju gístaðildarríki krafist þess að reglurnar, sem settar eru fram í annarri undirgrein, gildi um stofnunina í heimaaðildarríkinu. Í því tilviki gilda þessar reglur einungis um þann hluta eigna stofnunarinnar sem er sambærilegur starfseminni sem fer fram í tilteknu gístaðildarríki. Þær skulu enn fremur einungis gilda ef sömu eða strangari reglur gilda einnig um stofnanir í gístaðildarríkinu.

Reglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru sem hér segir:

- a) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru ekki skráð á skipulegan markað eða fjárfesta fyrir a.m.k. 70% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru skráð á skipulegan markað,
- b) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 5% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðsgerninga sem sama fyrirtæki gefur úti, og ekki fyrir meira en 10% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréfum og skuldabréfum sem ekki er verslað með á almennum markaði og öðrum peninga- og fjármagnsmarkaðargerningum sem fyrirtæki sem tilheyra sömu samstæðu gefa út,
- c) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í.

Til þess að fara að þessum kröfum getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignunum sé haldið aðgreindum.

19. gr.

#### Stjórnun og varsla

1. Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni forstöðumenn fjárfestinga sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að annast þessa starfsemi, til að stýra fjárfestingasamvalinu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, 93/22/EBE, 2000/12/EB and 2002/83/EB og einnig þá sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni aðila til vörslu á eignum sínum, vörslu aðila, sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð í samræmi við tilskipun 93/22/EBE eða tilskipun 2000/12/EB eða eru viðurkennd fjárvörslufyrirtæki í skilningi tilskipunar 85/611/EBE.

Ákvæðið sem um getur í þessari málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríkið geri tilnefningu vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis lögbodna.

3. Sérhvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að það geti bannað samkvæmt landslögum, í samræmi við 14. gr., að eignum í umsjón vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis á yfirráða-

svæði þess sé ráðstafað að vild ef heimaöldarríki stofnunarinnar fer fram á slíkt.

20. gr.

### Starfsemi yfir landamæri

1. Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriska, þ.m.t. skylduáðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu aðildarríki heimila fyrirtækjum á yfirráðasvæðum sínum að greiða til stofnana um starfstengdan lífeyri sem veitt hefur verið leyfi fyrir í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, að samþykkja greiðslur frá fyrirtækjum á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

2. Um stofnun, sem óskar eftir því að samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, gildir að lögbær yfirvöld í heimaöldarríki hennar hafi veitt til þess heimild áður, eins og um getur í 5. mgr. 9. gr. Hún skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaöldarríkisins, þar sem henni hefur verið veitt leyfi, að hún hyggist samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra, sem áforma að fá greiðslur frá fyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, leggi fram eftirfarandi upplýsingar þegar þau gefa út tilkynningu skv. 2. mgr.:

- a) gístiaöldarríkið eða gístiaöldarríkin,
- b) heiti aðildarfyrirtækisins,
- c) aðaleinkenni lífeyriska sem starfrækja skal fyrir aðildarfyrirtækið.

4. Í því tilviki að lögbært yfirvald í heimaöldarríki fær tilkynningu skv. 2. mgr., og ef það hefur ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða stofnunarinnar eða orðstír og fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka stofnunina séu samrýmanleg rekstrinum sem áformaður er í gístiaöldarríkinu, skal það, innan þriggja mánaða frá því að það fær allar upplýsingar, sem um getur í 3. mgr., senda þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda gístiaöldarríkisins og láta stofnunina vita.

5. Lögbær yfirvöld í gístiaöldarríki skulu, áður en stofnunin hefur rekstur lífeyriska fyrir aðildarfyrirtæki í öðru aðildarríki, og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þau fá upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaöldarríkinu, ef við á, um þær kröfur í fé-

lagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengdan lífeyri og segir til um hvernig lífeyriska, sem fyrirtæki í gístiaöldarríki greiðir til, skulu starfrækt og aðrar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld í heimaöldarríkinu skulu láta stofnuninni í té þessar upplýsingar.

6. Þegar stofnun berst tilkynning, sem um getur í 5. mgr., eða ef engin tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í heimaöldarríki þegar sá frestur rennur út, sem kveðið er á um í 5. mgr., er stofnuninni heimilt að hefja rekstur lífeyriska sem fyrirtæki í gístiaöldarríkinu greiðir til, í samræmi við kröfur félagsmála- og vinnulöggjafar gístiaöldarríkisins sem eiga við um starfstengdan lífeyri og allar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

7. Um stofnun, sem fyrirtæki í öðru aðildarríki greiðir til, skulu einnig gilda, að því er varðar samþæfilega sjóðfélaga allar upplýsingakröfur sem settar eru af lögbærum yfirvöldum í gístiaöldarríkinu um stofnanir í því aðildarríki, í samræmi við 11. gr.

8. Lögbær yfirvöld í gístiaöldarríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaöldarríkinu um allar verulegar breytingar á kröfum í félagsmála- og vinnulöggjöf heimaöldarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriska sem kunna að hafa áhrif á eiginleika lífeyriska að því marki sem það snertir rekstur lífeyriska sem fyrirtæki í gístiaöldarríkinu greiðir til og breytingar á öllum reglum sem verður að beita í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

9. Stofnunin skal sæta stöðugu eftirliti lögbærra yfirvalda í gístiaöldarríkinu þar sem fylgst er með því að starfsemin fari fram í samræmi við kröfur í vinnu- og félagsmálalöggjöf gístiaöldarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriska, sem um getur í 5. mgr., og upplýsingakröfur sem um getur í 7. mgr. Ef þetta eftirlit leiðir í ljós brot á reglum ber lögbærum yfirvöldum í gístiaöldarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaöldarríkinu um það tafarlaust. Lögbær yfirvöld í heimaöldarríkinu skulu, með samþæfingu við lögbær yfirvöld í gístiaöldarríkinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að stofnunin láti af hinu uppgötvada broti á félagsmála- og vinnulöggjöf.

10. Ef stofnunin heldur áfram að brjóta viðeigandi ákvæði í félagsmála- og vinnulöggjöf gístiaöldarríkisins, sem eiga við um svið starfstengdra lífeyriska, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaöldarríkinu hafa gert eða vegna þess að við-



eigandi ráðstafanir eru ekki gerðar í heimaaðildarríkinu, er lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu um það, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot, þ.m.t. að koma í veg fyrir rekstur stofnunarinnar í gístiaðildarríkinu fyrir aðildarfyrirtækið að því marki sem yrtustu nauðsyn ber til.

21. gr.

#### Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja með viðeigandi hætti að beiting þessarar tilskipunar sé samræmd með reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu í því skyni að þróa bestu starfsvenjur á þessu sviði og nánara samstarf og skulu á þann hátt koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru fyrir snurðulausa félagsaðild yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nána samvinnu í því skyni að auðvelda eftirlit með rekstri stofnana um starfstengdan lífeyri.

3. Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu skoða slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

4. Fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu þar sem eftirfarandi atriði hafa verið endurskoðuð:

- a) beiting 18. gr. og framfarir sem hafa orðið í aðlögun innlendra eftirlitskerfa og
- b) beiting annarrar undirgreinar 2. mgr. 19. gr., einkum aðstæður sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum varðandi notkun fjárvörslufyrirtækja og hvaða hlutverki þau gegna þar sem við á.

5. Lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu er heimilt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að þau ákveði að halda eignum og skuldum stofnunarinnar aðgreindum, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 18. gr.

22. gr.

#### Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. september 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta til 23. september 2010 beitingu 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra sem ekki ná lágmarksmörkum um eigið fé sem krafist er skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. á þeim degi sem tiltekinn er í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrir en þær uppfylla reglur þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að fresta til 23. september 2010 að beita f-lið 1. mgr. 18. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrir en þær hlíta reglum þessarar tilskipunar.

23. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

24. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. júní 2003.

Fyrir hönd  
Evrópuþingsins,

P. COX  
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. CHRISTODOULAKIS  
forseti.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### 1. Almenn.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, frá 3. júní 2003, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun (e. Directive 2003/41/EC of the European Parliament and of the Council of 3 June on the activities and supervision of institutions for occupational retirement provision). Til einföldunar og afmörkunar eru umræddir lögaðilar í frumvarpinu nefndir starfstengdir eftirlaunasjóðir. Umrædd tilskipun (hér eftir nefnd „tilskipunin“) er liður í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að þróa hinn innri markað á Evrópska efnahagssvæðinu á þann veg að fjármálastofnunum sé gert kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum og tryggja víðtæka vernd fyrir neytendur fjármálaþjónustu. Með tilskipuninni er lögaðilum gert fært að bjóða skilgreinda þjónustu yfir landamæri innan hins Evrópska efnahagssvæðis og skapaðar eru forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir starfstengdan eftirlaunasparnað.

Með tilskipuninni er gengið út frá því að forræði einstakra ríkja hvað varðar fyrirkomulag lífeyrismála sé ekki skert. Hún hefur því ekki áhrif á hið svo kallaða þriggja stöða kerfi lífeyrismála og nær ekki til skyldubundins framlags til lífeyrissjóða sem og skylduáildar að lífeyrissjóðum sem kveðið er á um í fyrstu stöðinni en íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur verið skilgreint þar undir eins og rakið er nánar í almennum athugasemdum.

### 2. Samspil tilskipunarinnar og íslenska lífeyrissjóðakerfisins.

Tilskipunin nær til lögaðila sem sjá um starfstengd eftirlaun í skilningi hennar, þ.e. lögaðila sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu eftirlaunaréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildir frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Frá þessu almenna gildissviði eru hins vegar mikilvægar undantekningar sem kveðið er á um í tilskipuninni. Sú mikilvægasta er að lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 574/72 (sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins) eru undanþegnir tilskipuninni. Í 1. másl. 3. gr. tilskipunarinnar er sérstaklega fjallað um sjóði sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og er ákvæðið svohljóðandi:

„Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem einnig starfrækja skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar.“

Með vísan til 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 falla þær deildir sjóða sem taka við lögbundnum iðgjöldum til öflunar lífeyrissjóða ekki undir tilskipunina. Á það því við um skyldubundin framlög til íslensku lífeyrissjóðanna. Taki viðkomandi lífeyrissjóðir hins vegar jafnframt við iðgjöldum sem ekki eru skyldubundin skulu þau vistuð í sérstökum deildum og eignum sem standa eiga undir þeim réttindum og haldið algerlega aðskildum frá eignum sem tilheyra skyldubundnu deildunum. Kunna þá slík framlög að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, að því tilskildu að þau séu starfstengd og valkvæð.

Með vísan til laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hefur verið litið svo á að undir skyldubundin framlög til lífeyrissjóða falli lögbundið 12% framlag, auk skyldubundinna framlaga á grundvelli kjarasamninga og/eða sérлага. Skyldubundin framlög falla því í öllum tilvikum utan gildissviðs tilskipunarinnar.

Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður, skv. II. kafla laga nr. 129/1997, fellur ekki undir tilskipunina þar sem hann er byggður á ákvörðun einstaklings en er ekki starfstengdur í skilningi tilskipunarinnar. Starfstengdur eftirlaunasjóður hefur því ekki heimild til að taka

á móti iðgjaldagreiðslum vegna einstaklingsbundins viðbótarlífeyrissparnaðar, í skilningi laga nr. 129/1997, nema að hann hafi hlotið sérstakt starfsleyfi fjármálaráðherra til þess í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997. Ef viðkomandi lögaðili hefur bæði starfsleyfi til að taka móti einstaklingsbundnum viðbótarlífeyrissparnaði og starfsleyfi sem starfstengdur eftirlaunasjóður ber að halda þeim deildum lögaðilans fjárhagslega aðskildum.

Með frumvarpi þessu er við innleiðingu tilskipunarinnar, út frá uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðarkerfisins og reglugerðar (EBE) 1408/71, því litið svo á að starfstengdir eftirlaunasjóðir í skilningi tilskipunarinnar séu sjálfstæðar einingar til hliðar við hina venjubundnu íslensku lífeyrissjóði og lagarammi þeirra afmarkaður út frá því. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum og meginreglur laga nr. 129/1997 eiga við um slíka sjóði, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu, sbr. nánari athugasemdir við einstakar greinar.

### 3. Skattlagning starfstengdra eftirlaunasjóða.

Við skattlagningu lífeyrisiðgjalda, eigna lífeyrissjóða og lífeyrisgreiðslna hér á landi er byggt á svokallaðri EET-skattlagningaraðferð (þ.e. „exempt, exempt, tax“). Í henni felst eftirfarandi:

- a. Lífeyrisiðgjöld eru undanþegin skattlagningu.
- b. Tekjur lífeyrissjóða eru undanþegnar fjármagnstekjuskatti.
- c. Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru skattlagðar eins og hverjar aðrar launatekjur.

#### 3.1 Iðgjöld.

Samkvæmt 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru iðgjöld launþega og sjálfstætt starfandi manna, sbr. lög nr. 129/1997, frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Hámark frádráttar vegna skyldutryggingar er 4% af iðgjaldsstofni hjá launþeganum. Mótframlag atvinnurekanda er að jafnaði 8% og myndar frádráttarbæran kostnað hjá honum og er jafnframt undanþegið skattskyldu hjá launþeganum. Samanlagt iðgjald er því alla jafna 12%, nema sérstaklega hafi verið samið um annað í kjarasamningum. Þess ber að geta að launþegum með takmarkaða skattskyldu hér á landi ber einnig að greiða í lífeyrissjóði og njóta þeir skattalegs frádráttar með sama hætti og aðrir launþegar. Launþegar á EES-svæðinu ávinna sér rétt í lífeyrissjóði hér á landi eins og íslenskir væru. Launþegar á EES-svæðinu geta hins vegar haldið áfram að greiða í lífeyrissjóði heimalands síns, ef þeir vinna tímabundið á Íslandi og koma með sérstakt E-101 vottorð frá viðkomandi heimalandi um að þeir njóti réttar samkvæmt almannatryggingalöggjöf heimalandsins. Aftur á móti gilda þær reglur um launþega sem koma frá ríkjum utan EES-svæðisins, að þeir fá iðgjöldin endurgreidd við brottför, og þá bæði hlut launþega og launagreiðenda, en greiða jafnframt almennan skatt af endurgreiðslunni.

Að auki er launþega heimilt að greiða allt að 4% iðgjald til viðbótar skylduiðgjaldinu sem fæst fráregið frá skattskyldum tekjum, enda sé iðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign (viðbótarlífeyrissparnaður). Jafnframt er launagreiðanda heimilt að greiða 2% á móti séreignariðgjaldi launþegans og gilda sömu reglur um það mótframlag eins og um skyldutrygginguna.

#### 3.2 Skattlagning lífeyris.

Um skattlagningu lífeyrissparnaðar gilda þær reglur að lífeyrisréttindi sem myndast á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða,

eru skattlögð eins og hverjar aðrar launatekjur við útgreiðslu, enda hafi iðgjöldin verið frádráttarbær frá skatti. Þetta á jafnt við um lífeyrisgreiðslur vegna skyldutryggingar og viðbótartryggingarverndar og greiðslur úr þeim séreignarsjóðum sem undir lífeyrislögin heyra.

### *3.3 Skattaleg staða starfstengdra eftirlaunasjóða í skilningi tilskipunarinnar.*

Ekki gilda neinar sérreglur varðandi skattlagningu á lífeyri aðila sem búsettir eru erlendis, en hafa greitt í íslenskan lífeyrissjóð sem hefur hlotið viðurkenningu sem slíkur. Um er að ræða almenna skattskyldu skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 5. tölul. 28. gr. sömu laga. Tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis gætu þó vikið þessari skattlagningu á lífeyrisgreiðslum til hliðar, en samkvæmt þeim eru lífeyrisgreiðslur alla jafna skattlagðar í búseturíki móttakanda. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem tekur af öll tvímæli um skattalega meðferð greiðslna úr starfstengdum eftirlaunasjóðum í skilningi tilskipunarinnar. Samkvæmt því frumvarpi verður í skattalegu tilliti farið með greiðslur úr slíkum sjóðum á sama hátt og greiðslu lífeyris úr almennum lífeyrissjóðum. Þess ber að geta að skattlagning greiðslna úr lífeyrissjóðum er mismunandi í landsrétti þeirra ríkja sem íslensk stjórnvöld hafa gert tvísköttunarsamning við en í mörgum tilvikum eru slíkar greiðslur ekki skattlagðar við útgreiðslu og ekki veittur frádráttur þegar iðgjöld eru greidd.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Með greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað og er ákvæðið í samræmi við 2.–3. gr. tilskipunarinnar. Í 2. gr. tilskipunarinnar er gildissviðið skilgreint þannig að það nái ekki yfir skyldubundin framlög á grundvelli laga eða kjarasamninga. Um þann hluta gilda því lög nr. 129/1997, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum.

Markmið frumvarpsins er sem áður segir að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB og setja nauðsynlegan lagaramma fyrir starfstengda eftirlaunasjóði til að starfa eftir. Eins og kemur fram í greininni er með frumvarpinu einvörðungu verið að kveða á um starfstengda eftirlaunasjóði í skilningi tilskipunarinnar en ekki starfstengda lífeyrissjóði sem fjallað er um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

##### Um 2. gr.

Greinin er sambærileg 6. gr. tilskipunarinnar þar sem skilgreind eru helstu hugtök frumvarpsins.

##### Um 3. gr.

Samkvæmt greininni skal aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum byggjast á samningi á milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra, en auk þess er sjálfstætt starfandi aðilum heimilt að semja um aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum. Er ákvæðið í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB.

##### Um 4. gr.

Með greininni er kveðið á um þau skilyrði sem starfstengdur eftirlaunasjóður þarf að uppfylla til að fjármálaráðuneytið geti veitt viðkomandi lögaðila starfsleyfi. Um þessi skilyrði er fjallað í 9. gr. tilskipunarinnar og er greinin innleiðing á því ákvæði.

Í þeim köflum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem vísað er til í 2. mgr., er kveðið á um eftirfarandi grundvallaratriði: Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar, starfsleyfi lífeyrissjóða, rekstur og innra eftirlit, fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, ársreikninga og endurskoðun, eftirlit og umsýjaraðila, slit og samruna. Er með greininni lagt til að starfstengdir eftirlaunasjóðir, í skilningi tilskipunarinnar, verði bundnir af þeim efnisákvæðum þeirra kafla laga nr. 129/1997 sem vísað er til í greininni, nema kveðið sé á um annað í frumvarpinu. Þar sem 5. gr. frumvarpsins fjallar um fjárfestingarstefnu starfstengdra eftirlaunasjóða er tekið fram í 2. mgr. að ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997 gildi ekki um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða, en það ákvæði kveður á um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, sbr. nánari umfjöllun um 5. gr.

#### Um 5. gr.

Með greininni er kveðið á um fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða og er greinin innleiðing á 18. gr. tilskipunarinnar. Fjárfestingarreglur þær sem koma fram í 18. gr. tilskipunarinnar eru talsvert rýmri en þær sem gilda um almenna lífeyrissjóði og koma fram í 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar ber að geta þess til hliðsjónar að lögaðilar sem taka á móti og ávaxta einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnað, skv. II. kafla laga nr. 129/1997, eru ekki bundnir af þeim fjárfestingarreglum sem koma fram í 36. gr. sömu laga.

Í inngangi tilskipunarinnar kemur fram í umfjöllun um fjárfestingarreglur að vegna þess að starfstengdir eftirlaunasjóðir séu langtímafjárfestar með litla lausafjáráhættu er þeim fært að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og einnig í áhættufjármagnsmörkuðum innan varfærnismarka. Þeir geti einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum séu ekki rök til að takmarka fjárfestingu slíkra aðila í hlutabréfum, áhættufjármagnsmörkuðum og gjaldmiðlum, að öðru leyti en út frá almennri varfærni (sk. „prudent manner principle“). Er greinin í samræmi við þau sjónarmið tilskipunarinnar.

#### Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að starfstengdum eftirlaunasjóði er heimilt að taka á móti iðgjaldagreiðslum vegna starfsmanns sem starfar í öðru ríki. Ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar kveður nánar á um þegar um slíkar greiðslur er að ræða frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða greiðslur frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal viðkomandi eftirlaunasjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu frá hvaða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins iðgjaldagreiðslan kemur, nafn greiðanda og helstu einkenni viðkomandi samnings. Með greininni er einnig kveðið á um hlutverk Fjármálaeftirlitsins í þessu sambandi, í samræmi við 20. gr. tilskipunarinnar, þ.e. að láta eftirlitsaðila í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í té umræddar upplýsingar og tilkynna eftirlaunasjóðnum þar um.

#### Um 7. gr.

Í 55. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er kveðið á um refsiviðurlög við brotum gegn þeim lögum. Með hliðsjón af uppbyggingu og tilvísunum í frumvarpinu þykir eðli máls samkvæmt eðlilegt að sams konar refsiviðurlög gildi varðandi brot gegn ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér almenna reglugerðarheimild og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um að verði frumvarpið að lögum feli þau lög í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahags-svæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 sem birt var 19. október 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52. Tilskipunin er birt sem fylgiskjal.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

### **Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

#### **Umsögn um frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði.**

Frumvarp þetta miðar að því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með starfstengdum eftirlaunasjóðum. Tilskipunin tekur ekki til skyldubundins framlags og aðildar að lífeyrissjóðum sem tíðkast almennt hér á landi. Tilskipunin tekur einungis til eftirlaunasjóða sem eru starfstengdir og valkvæðir og á því ekki heldur við um séreignarsjóði sem myndaðir eru með viðbótarlífeyrissparnaði einstaklinga þar sem þeir eru ekki starfstengdir. Ákvæði frumvarpsins eiga þannig við um eftirlaunasjóði sem komið væri á fót í frjálsum samningum milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra um tiltekin störf. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.